

Hér á eftir fer yfirlit yfir helstu verkefni stjórnar og skrifstofu ÍBR starfstímabilið 2011-2012 auk ársreikninga fyrir þessi tvö ár. Yfirliti þessu er ætlað að gefa innsýn inn í starfsemi ÍBR undanfarin tvö ár, helstu verkefni og viðburði.

STJÓRN OG STARFSFÓLK ÍBR 2011-2012

Á þingi ÍBR þann 29. apríl 2011 voru eftirtaldir kjörnir í framkvæmdastjórn og varastjórn ÍBR:

Ingvar Sverrisson, formaður

Björn Björgvinsson

Gígja Gunnarsdóttir, ritari

Lilja Sigurðardóttir, gjaldkeri

Viggó H. Viggósson

Þórdís Gísladóttir

Örn Andrésson, varaformaður

Bjarnveig Guðjónsdóttir, varastjórn

Guðrún Ósk Jakobsdóttir, varastjórn

Starfslið skrifstofu ÍBR á starfstímabilinu var þannig skipað:

Anna Lilja Sigurðardóttir

Brynja Guðjónsdóttir

Frímann Ari Ferdinandsson, framkv.stjóri

Kjartan F. Ásmundsson


Steinn Halldórsson

Svava Oddný Ásgeirsdóttir

Þórður D. Bergmann

SKIPURIT

Á starfstímabilinu skipti stjórn verkum sínum á milli þannig að mynduð voru starfssvið þar sem stjórnarmenn unnu að ákveðnum afmörkuðum málaflokkum.



STYRKIR VEGNA ÆFINGA OG KEPPNI

Aðildarfélag ÍBR eru um 70 talsins og þjónustar ÍBR þau varðandi ýmis málefni. Eitt stærsta málefnið er æfingatímaúthlutun til íþróttafélaga í íþróttamannvirkjum Reykjavíkurborgar, íþróttasölum skóla og íþróttamannvirkjum félaga. Mannvirkin eru breytileg og spanna íþróttasali, sundlaugar, skautasvell og gervigrasvelli.

Heildarúthlutun á styrkjum til æfinga og keppni vegna áráanna 2011–2012 var 2.815 milljónir króna. Þessi fjárhæð skiptist þannig (milljónum króna):

| | 2011 | 2012 |
|------------------------------|-------------|-------------|
| Mannvirki félaga | 334,5 | 357,4 |
| Mannvirki borgarinnar | 229,7 | 257,2 |
| Egilshöll | 467,0 | 491,9 |
| Laugardalshöll | 207,3 | 209,2 |
| Önnur mannvirki | 126,5 | 134,6 |

TÍMAÚTHLUTUN TIL AÐILDARFÉLAGA ÍBR OG SÉRSAMBANDA

ÍBR úthlutar æfingatímum í 17 skólasali og til tíu íþróttafélaga í Reykjavík. Auk skólasala fer fram úthlutun æfingatíma til einstakra félaga í önnur stærri mannvirki eins og Laugardalshöllina, Egilshöllina og íþróttahúsið við Háteigsveg, Laugardalslaugar auk annarra sundlauga borgarinnar. Að beiðni ÍBR sækja félögin um æfingaaðstöðu annars vegar fyrir vetrartímabilið og hins vegar fyrir sumartímabilið. Bæði tímabilin fylgist ÍBR með nýtingu æfingatímanna og ráðstafar þeim annað ef þörf þykir. ÍBR aðstoðar félögin við að leysa óskir þeirra um auka æfingatíma, sérstaklega yfir vetrartímanna þegar mikil starfsemi er í mannvirkjum félaganna og þau ná ekki að anna æfingum t.d. vegna mótahalds á sínum vegum. Á vorin tekur við tímabil úthlutunar fyrir sumaræfingar nokkurra félaga í Laugardalshöllina, íþróttahúsið við Háteigsveg og á Laugardalsvöllinn.

Sérsamböndin óska einnig eftir æfingatímum til ÍBR fyrir sín landslið í ýmsum íþróttamannvirkjum í Reykjavík. Í þannig tilvikum leitar ÍBR oft til sinna aðildarfélaga sem hafa brugðist jákvætt við og gefið eftir sína æfingatíma fyrir landsliðsæfingar. Á vegum sérsambandanna fara fram heimaleikir landsliða og mótahald, á það sérstaklega við um Laugardalshöllina, Skautahöllina og skautasvellið í Egilshöll. ÍBR hefur milligöngu um bókanir í þau mannvirki og oft á tíðum fáein ár fram í tímann.

ALMENNINGSTÍMAR Í ÍÞRÓTTAHÚSUM GRUNNSKÓLA REYKJAVÍKUR.

Eins og undanfarin ár hefur ÍBR séð um útleigu á æfingatímum til almennings í íþróttamannvirkum skólanna í Reykjavík. Alls eru það 14 skólar sem eru í útleigu og

hóparnir eru 190 og eru því um 2.000 manns sem nýta þessa þjónustu. Tímabilið er frá 1.sept.- 30.apríl.

Flestir hóparnir stunda knattspyrnu og eru þeir í stærri sölunum en í þeim minni er körfubolti vinsælastur. Einnig er stundað blak og leikfimi og margar aðrar íþróttagreinar.

Samstarf okkar við ÍTR og skólana hefur gengið mjög vel og í þeim skólum sem íþróttafélögin nýta byrja þau kl:15:00 og ÍBR við með útleigu 19:00 eða 20:00 og erum til kl. 23:00.

Í raun vantar okkur fleiri sali sem eru 33x18 m. , en því miður hafa of margir salir sem eru 22x13 m. verið byggðir í gegnum tíðina og hefur þetta lent illa á félögum eins og t.d. Fjölni í Grafarvogi, einu stærsta hverfi borgarinnar. Þar er eitt hús 20x40 m. og einn skóli sem er 33x18 m., en fimm skólar 22x13 m.

Sem betur fer voru byggðir tveir skólar í Grafarholti sem eru með sali 33x18 m. og nýr skóli í Norðlingaholti með 33x18 m. sal og er það góðs viti.

Í þessum stærri sölum er nýtingin mun betri bæði fyrir íþróttafélögin og almenning og er það von okkar að ekki verði byggðir fleirri litlir salir í framtíðinni.

Leiguverð til almennings hefur hækkað nokkuð upp á síðkastið vegna hækkana á roforku, heitu vatni og frárenslisskatti, sem hefur einnig bitnað á íþróttafélögunum, en við vonum að ekki verði meirri hækkunar á næstunni.

Það er mikið rætt um almenningsíþróttir og að sem flestir geti haft aðgang að sölum borgarinnar á kvöldin og er það því mikilvægt að samvinna við íþróttafélögin sé góð.

Það er von okkar að í framtíðinni verði nægt framboð til almennings, fleiri komist í gott form og heilsa borgarbúa verði betri.

ALMENNINGSTÍMAR HLAUPAHÓPA

Í byrjun nóvember 2012 og fram að áramótum var hlaupahópum í Reykjavík boðið að æfa endurgjaldslaust tvisvar sinnum í viku í frjálsíþróttasal Laugardalshallar. Í boði var ein hádegisæfing og ein kvöldæfing. Undirtektir voru mjög góðar frá rúmlega 70 hlaupurum og var ákveðið að bjóða uppá sömu æfingatíma eftir áramót gegn vægu gjaldi. Eftir áramót voru auglýstar æfingar frá janúar og út apríl mánuð. Þegar er orðið ljóst að áhugi hlaupara fyrir æfingatímum innanhúss nær frá janúar og út mars. Það

fækkaði verulega í æfingahópnum eftir áramót og eru tæplega 30 hlauparar í heildina að nýta æfingatímana.

Þetta er í fyrsta sinn sem ÍBR býður hlaupahópum æfingaaðstöðu innanhúss en með vorinu verður verkefnið endurmetin uppá framhaldið að gera.

MANNVIRKJAKERFI

Undanfarin ár hefur verið brýn þörf á nýju mannvirkjakerfi til að ná m.a. utan um nýtingu, aðsókn, æfingatöflur, lausa tíma og birta ýmsar upplýsingar á netinu. Notendur kerfisins yrðu íþróttafélögin, forstöðumenn íþróttamannvirkja, sérsambönd ÍBR og ÍTR. Slíkt kerfi myndi líka sýna kortlagningu allra íþróttamannvirkja í Reykjavík, sem dæmi sundlaugar, íþróttahús, knattspyrnuvelli og skautahallir.

Ljóst er að til þess að geta mætt kröfum nútímans þarf nýtt forrit að leysa það gamla (Fjölnir) af hólmi sem er orðið barns sins tíma og fáir aðilar nota innan íþróttahreyfingarinnar. Til að vinna að lausn málsins hefur síðustu mánuði verið starfandi hópur á vegum ÍBR, ÍTR og UTD (Upplýsingatæknideild borgarinnar) til að vinna að skýrslu um stöðumat og þarfagreiningu mannvirkjakerfis. Vinnan er langt á veg komin og markmiðið nefndarinnar er að skila skýrslunni í mars. Í framhaldi af því verður tekin ákvörðun með næstu skref.

FERÐASTYRKIR OG STYRKIR TIL SÉRRÁÐA

Styrkir Reykjavíkurborgar vegna ferðastyrkja og reksturs sérráða vegna árána 2011 – 2012 voru 34,8 milljónir króna. Greiðslur til félaganna vegna ferðastyrkja voru 26,1 millj. og til sérráða 8,7 millj.

SAMNINGAR BORGARINNAR VIÐ FÉLÖGIN OG ÍBR

Eftir skerðingu styrkja borgarinnar til íþróttafélaganna og ÍBR árin 2009, 2010 og 2011 náðist loks að snúa blaðinu við í ársbyrjun 2012. Með samstilltu átaki náðist að hækka framlag til rekstrar um 40 milljónir á árinu 2012 miðað við framlag ársins 2011 og 100 milljóna hækkun á árinu 2013. Ofan á þessa hækkun munu svo bætast við verðbætur árið 2014 sem byrja að telja frá 1. janúar 2013.

Þá samþykkti borgarráð að gera rekstrarúttekt á íþróttafélögum í Reykjavík í samstarfi við ÍBR. Skyldu niðurstöður úr henni vera undirstaða fyrir mat á frekari styrkveitingum til félaganna. Í skýrslu sem gerð var um úttektina segir:

„Rekstrarúttektin leiðir í ljós að styrkir Reykjavíkurborgar til félaganna hafa lækkað nokkuð, orkuverð hækkað auk þess sem félögin hafa misst stóra styrktaraðila. Þetta hefur leitt til þess að rekstrarniðurstaða hefur versnað eftir 2008. Til að bregðast við minna fjármagni til reksturs hefur verið dregið úr viðhaldi og kaupum á búnaði og þjónustustig minnkað.

Rekstur knattspyrnudeilda er þungur og hefur leitt til skuldaaukningar hjá þeim félögum sem eru með knattspyrnudeildir á sínum vegum.“

Á haustmánuðum 2012 og fram á 2013 var svo unnið að því að gera nýjan samstarfssamning við íþróttafélögin og ÍBR. Var ákveðið að hverfa frá því að gera samninga við hvert og eitt félag eins og gert var 2005 og 2008 og gera einn heildarsamning byggðan á þeim og á samskiptasamningi Reykjavíkur og ÍBR frá 1997. Vinnuhópur var settur á laggirnar til að vinna að textagerð en í honum voru fulltrúar ÍTR, ÍBR og íþróttafélaganna. Fulltrúar ÍBR ræddu við fulltrúa borgar um fjármálahluta samningsins. Afrakstur þessarar vinnu leiddi svo til þess að aðilar samþykktu samstarfssamning til ársins 2015.

GETRAUNIR-GETSPÁ

Tekjur frá Íslenskum getraunum og Getspá, fyrirtækjum íþróttahreyfingarinnar, eru mikilvægur þáttur í tekjuöflun íþróttafélaganna.

Samkvæmt reglum Getrauna bera þeir mest úr bítum sem selja mest þ.e. þeir fiska sem róa. Á árunum 2011 og 2012 voru tekjur íþróttafélaganna í Reykjavík af getraunasölu 55,5 millj.kr. Samkvæmt lögum um Getraunir skal skipta milli héraðssambanda út svokölluðum 3% potti miðað við sölu aðildarféлага þeirra. ÍBR fékk skv. þessari reglu 18,3 millj. kr fyrir árin 2011 og 2012.

Á tímabilinu 2011-2012 var úthlutaður tekjuafgangur af Íslenskri getspá (Lottóhagnaður) 125,5 millj.kr.

Þegar arði frá Íslenskri getspá er úthlutað skiptir miklu máli hvort héraðssambönd eru aðilar að bæði ÍSÍ og UMFÍ eða aðeins ÍSÍ. Þeir sem eru aðilar að báðum samtökunum fá úthlutað lottóhagnaði frá báðum aðilum meðan t.d. ÍBR sem er aðeins aðili að ÍSÍ fær minni úthlutun af þeim sökum að vera ekki aðili að UMFÍ. Þetta misrétti höfum við reynt að fá leiðrétt á liðnum árum t.d. með því að fá aðild að UMFÍ eða að ÍSÍ og UMFÍ leggðu

allan lottóhagnaðinn frá Getspánni í einn pott sem úthlutað yrði úr miðað við íbúafjölda á viðkomandi svæði.

Söluhæstu Reykjavíkurfélög Íslenskra getrauna í þúsundum króna talið:

| Félag | 2011 | 2012 | Samtals |
|-------------------------------------|-------------|-------------|----------------|
| Íþróttafélag fatlaðra | 9.573 | 8.414 | 17.987 |
| Knattspyrnufélagið Víkingur | 3.598 | 3.975 | 7.573 |
| Knattspyrnufélag Reykjavíkur | 1.778 | 1.741 | 3.519 |
| Knattspyrnufélagið Valur | 1.331 | 1.522 | 2.853 |
| Íþróttafélagið Fylkir | 1.335 | 1.205 | 2.540 |
| Knattspyrnufélagið Fram | 1.283 | 1.026 | 2.309 |
| Íþróttafélag Reykjavíkur | 907 | 940 | 1.847 |
| Ungmennafélagið Fjölnir | 321 | 301 | 622 |
| Knattspyrnufélagið Þróttur | 191 | 276 | 467 |

Yfirlit yfir skiptingu Lottótekna í þúsundum króna talið:

| Félag | 2011 | 2012 | Samtals |
|-------------------------------|-------------|-------------|----------------|
| Aikikai | 207 | 187 | 394 |
| Ármann | 7.206 | 6.585 | 13.791 |
| Björninn | 1.657 | 1.652 | 3.309 |
| Brokey | 187 | 201 | 388 |
| Dansfélag Rvk. | 1.086 | 686 | 1.772 |
| Dansfélagið Ýr | 232 | | 232 |
| Dansfélagið Ragnar | 677 | 792 | 1.469 |
| Fákur | 655 | 440 | 1.095 |
| Fjölnir | 6.514 | 6.114 | 12.628 |
| Fram | 3.854 | 3.720 | 7.574 |
| Fylkir | 4.940 | 5.280 | 10.220 |
| Golfklúbbur Rvk. | 718 | 603 | 1.321 |
| Hjólreiðafélag Rvk. | 190 | | 190 |
| Hnefaleikafélag Rvk. | 292 | 235 | 527 |
| Hnefaleikafélagið Æsir | 214 | 224 | 438 |
| ÍR | 6.775 | 6.480 | 13.255 |

| | | | |
|----------------------------------|-------|-------|--------|
| Íþróttafélag fatlaðra | 1.590 | 1.551 | 3.141 |
| Íþróttafélagið Ösp | 1.590 | 1.551 | 3.141 |
| Júðofélag Rvk. | 352 | 284 | 636 |
| Kajakklúbburinn | 195 | | 195 |
| Karatefélag Rvk. | 285 | 247 | 532 |
| Keilufélag Rvk. | 185 | 181 | 366 |
| Kjalnesingar | 572 | 595 | 1.167 |
| Klifurfélag Rvk. | 301 | 260 | 561 |
| KR | 5.307 | 5.301 | 10.608 |
| Leiknir | 675 | 501 | 1.176 |
| Skautafélag Rvk. | 1.663 | 1.517 | 3.180 |
| Skotfélag Rvk. | 321 | 150 | 471 |
| Skvassfélag Rvk. | 150 | 150 | 300 |
| Skylmingafélag Rvk. | 403 | 456 | 859 |
| Sundfélagið Ægir | 885 | 665 | 1.550 |
| Tennis og | | | |
| badmintonfélag Rvk. | 1.783 | 1.626 | 3.409 |
| Valur | 3.585 | 3.684 | 7.269 |
| Vélhjólaíþróttaklúbburinn | 204 | 201 | 405 |
| Víkingur | 4.318 | 4.482 | 8.800 |
| Þórshamar | 493 | 484 | 977 |
| Þróttur | 3.341 | 3.162 | 6.503 |

VERKEFNASJÓÐUR

Verkefnasjóður ÍBR er sjóður til styrktar útbreiðslu og átaksverkefnum í íþróttastarfi í Reykjavík. Úthlutun skal sérstaklega taka mið af barnastefnu ÍBR og jöfnum möguleika allra til íþróttaiðkunar. Úthlutað var úr sjóðnum kr. 1.715.000,- á árunum 2009-2010. Eftirfarandi verkefni hlutu stuðning sjóðsins:

| <u>2011</u> | <u>Verkefni</u> |
|--------------------|---|
| Fram | Almenningsdeild – byrjun starfs í Grafarholti |
| Víkingur | Almenningsdeild |
| Fylkir | Sportklúbbur Árbæjar |
| KR | Efling á kvennastarfi í KR |
| Afríka | Heimasíða – innflytjendur og íþróttir |

| | |
|-----------------------------------|---------------------------------|
| Björninn | Átak gegn munntóbaki |
| Hafna- og mjúkboltaf. Rvk. | Kynningarátak í tíu grunnskólum |

| <u>2012</u> | <u>Verkefni</u> |
|-----------------------|-------------------------------|
| Leiknir/ÍR | Samvinna um kvennaknattspyrnu |
| Kayakklúbbur | Námskeið fyrir þjálfara |
| Keilunefnd ÍBR | Námskeið fyrir þjálfara |

ÍÞRÓTTAGJAFIR

Frá árinu 2005 hefur Íþróttabandalag Reykjavíkur gefið nemendum í grunnskólum Reykjavíkur hreyfihvetjandi gjafir. Tilgangur gjafanna er að gleðja reykvísk börn og um leið hvetja þau til að hreyfa sig og leika sér með tilvísun í íþróttir almennt. Fyrsta árið fengu börn í 2.bekk sippubönd en síðan þá er búið að bæta þremur árgöngum við. Börn í 3.bekk fengu bolta, börn í 4.bekk boðsmiða á skauta og 5.bekkingar fengu sundkort. Boðsmiði á skauta var afhentur í kringum fyrsta vetrardag en sippubönd, boltar og sundkort rétt fyrir sumardaginn fyrsta. Gjöfunum fylgdi lítill bæklingur með hugmyndum af leikjum og æfingum sem hentuðu vel gjöfinni. Einstaklega vel hefur verið tekið á móti gjöfunum í grunnskólum borgarinnar og hafa bæði börn, foreldrar og kennarar verið mjög þakklátir fyrir þetta framtak.

Því miður hefur þurft að skera verulega niður þennan þátt og því fengu ekki öll börn í 3. bekk bolta árið 2011 heldur var ákveðið að gefa hverju bekk 3 bolta sem krakkarnir gátu þá notað sameiginlega í frímínútum. Árið 2012 voru engar gjafir gefnar.

HÚS ÍBR

Framkvæmdum við lyftu- og stigahús við hús 1 og hús 2 í Íþróttamiðstöðinni er nú lokið. Nokkrar tafir urðu á verkinu m.a. vegna ófyrirsjáanlegra þátta eins og hægt er að búast við þegar byggt er við eldri hús. Þessir ófyrirséðu verkefni gerðu það jafnframt að verkum að kostnaður fór nokkuð fram úr áætlun. Húsið var einnig málað að utan auk þess sem gangstéttar og bílastæði fengu yfirhalningu. Reykjavíkurborg breytti

göngustígaskipulagi og færði aðalstíginn niður í dalinn í gegnum lóð Íþróttamiðstöðvarinnar. Er það til mikilla bóta miðað við það sem áður var.

Hús ÍBR er nú í mjög góðu ásigkomulagi og ekki fyrirséð að til sérstakra viðhaldsverkefna þurfi að koma á næstu árum. Atlas endurhæfing leigir nú tvær hæðir hússins og fyrirhugað er að afreksíþróttamiðstöð verði komin í húsið síðar á þessu ári.

FORMANNAFUNDUR

Formannafundur var haldinn óvenju seint eða 28. nóvember 2012. Ársreikningur 2011 var kynntur og farið yfir helstu mál sem voru á döfinni. Sérstaklega var fjallað um rekstrarúttekt á íþróttafélögunum sem þá var nýlokið.

NÝ FÉLÖG

Sjö ný félög fengu aðild að ÍBR á starfstímabilinu:

- Rathlaupsfélagið Hekla
- Rugbyfélag Reykjavíkur
- Knattspyrnufélagið Hómer
- Lyftingafélag Reykjavíkur
- Golfklúbbur Brautarholts
- Knattspyrnufélagið Hlíðarendi
- Hjólreiðafélagið Tindur

SÉRRÁÐ-NEFNDIR

Á síðasta Íþróttþingi voru gerðar breytingar á lögum ÍSÍ varðandi sérráð sem gerir það að verkum að nú þurfa sérráð ekki að hafa sjálfstæðan fjárhag og skila ársskýrslum eins og áður þurfti. Þau ráð sem láta fjármál sín fara í gegnum ÍBR skila þá ekki ársreikningi en þau ráð sem kjósa að hafa sjálfstæðan fjárhag þurfa þess.

Starfandi sérgreinanefndir/sérráð innan ÍBR eru:

- Badmintonráð Reykjavíkur
- Borðtennisnefnd ÍBR
- Frjálsíþróttaráð Reykjavíkur
- Glímuráð Reykjavíkur
- Handknattleiksráð Reykjavíkur
- Júðóráð Reykjavíkur
- Karatenefnd ÍBR
- Keilunefnd ÍBR
- Knattspyrnuráð Reykjavíkur
- Körfuknattleiksráð Reykjavíkur
- Skíðaráð Reykjavíkur
- Sundráð Reykjavíkur
- Tennisnefnd ÍBR

STJÓRNIR, NEFNDIR OG FLEIRA

Rekstrarnefnd Skautahallar

- Ingvar Sverrisson
- Lilja Sigurðardóttir

Vallarstjórn Laugardalsvallar

- Ingvar Sverrisson

Stjórn Íslenskra Getrauna

- Lilja Sigurðardóttir
- Örn Andrésson til vara

Áheyrnarfulltrúi í stjórn Íþróttá- og tómstundasviðs Reykjavíkur

- Ingvar Sverrisson
- Frímenn Ari Ferdinandsen til vara

Framkvæmdastjórn ÍSÍ

- Örn Andrésson

Stjórn International Children's Games

- Frímenn Ari Ferdinandsen

UMFÍ

Í samræmi við samþykkt síðasta þings ÍBR var sótt um aðild að UMFÍ. Aðildarumsókn ÍBR var tekin fyrir á þingi UMFÍ haustið 2011 og var tillaga um að taka ÍBR inn í UMFÍ felld naumlega.

STEFNUMÓTUN

Í samningi sem gerður var við Reykjavíkurborg vegna styrkja ársins 2011 var kveðið á um að á árinu 2011 skyldu Reykjavíkurborg og ÍBR fara í sameiginlega stefnumótun borgarinnar og íþróttahreyfingarinnar í borginni í íþróttamálum. Markmiðið var að vinna að stefnumótun fyrir íþróttir í Reykjavík til ársins 2020.

Á fundi borgarráðs þann 6. janúar 2011 var samþykkt verkáætlun og markmið við stefnumótun borgarinnar í íþróttum til ársins 2020.

Segja má að tilgangur stefnumótunarvinnunnar hafi endurspeglast í tveimur megináherslum þ.e. að skilgreina hlutverk Reykjavíkurborgar annars vegar og íþróttafélaganna og ÍBR hins vegar.

Til að vinna þessum þáttum brautargengi var farið út í gerð sviðsmynda um íþróttir og tómstundastarf í Reykjavík í framtíðinni. Í kjölfarið var farið í stefnumótunarvinnuna – en segja má að áherslur hennar hafi byggt á þeim meginþáttum sem komu upp í sviðsmyndunum. Alls komu um 60 þátttakendur beint að þátttöku í vinnunni á vinnufundum en auk þeirra voru sendar rafrænar spurningar á um 220 aðila í tengslum við vinnuna. Netspor stýrði bæði sviðsmyndagerð og stefnumótunarvinnu.

KYNNINGARIT

Um árabíl gaf ÍBR út kynningarrit um íþrótt- og félagsstarf í Reykjavík. Allir nemendur í 1.-10. bekk í grunnskólum Reykjavíkur fengu ritið afhent í byrjun september á hverju hausti. Í ritinu var að finna upplýsingar um það helsta sem í boði var hjá íþróttafélögum og félagsmiðstöðvum í Reykjavík.

Á árinu 2011 var tekin sú ákvörðun að hætta að prenta ritið en hafa það í flettförmi á heimasíðu ÍBR. Nemendur fengu miða þar sem vísað var á síðuna. Þetta var gert til að draga úr kostnaði auk þess þá þegar var farið að örla á því að erfiðara væri að komast inn í skólana með efni til dreifingar. Eins og fulltrúar félaganna þekkja hefur það vandamál svo færest í aukana og nú er svo komið að skólastjórar telja að þeir megi ekki, miðað við fyrirmæli sinna yfirmanna, afhenda börnum kynningarefni frá íþróttahreyfingunni. ÍBR tók því þá ákvörðun varðandi kynningarrit haustsins 2012 að sleppa því alveg þar sem vandséð var hvernig kynna ætti börnum og/eða foreldrum tilvist þess.

ÍÞRÓTTANÁMSKRÁ – FYRIRMYNDARFÉLÖG

Öll hverfafélögin eiga sína námskrá og hafa flest þeirra ráðist í mikla stefnumótunar- og skipulagsvinnu. Eins og staðan er í dag verða a.m.k. ekki á næstunni gerðar námskrár fyrir sérgreinafélögin en þeim frekar beint í þann farveg að gerast Fyrirmyndarfélög ÍSÍ enda margt líkt með þessum verkefnum. Nú þegar hafa eftirtalin félög og deildir gerst Fyrirmyndarfélög/fyrirmyndardeildir ÍSÍ:

Knattspyrnufélag Reykjavíkur

- badmintondeild, borðtennisdeild, glímudeild, handknattleiksdeild, knattspyrnudeild, körfuknattleiksdeild, keiludeild, skíðadeild, sunddeild

Sundfélagið Ægir

Íþróttafélag Reykjavíkur

- skíðadeild

Knattspyrnufélagið Valur

- handknattleiksdeild, knattspyrnudeild, körfuknattleiksdeild

Knattspyrnufélagið Víkingur

- skíðadeild, handknattleiksdeild, karatedeild, knattspyrnudeild, tennisdeild

Golfklúbbur Reykjavíkur

Skyldingafélag Reykjavíkur

Ungmennafélagið Fjölnir

- karatedeild, sunddeild

Glímufélagið Ármann

- fimleikadeild, sunddeild

AFREKSÍÞRÓTTAMIÐSTÖÐ

Vinna vegna fyrirhugaðrar afreksíþróttamiðstöðvar hefur því miður gengið mun hægar en vonir stóðu til. ÍSÍ, KSÍ og ÍBR hafa bundist höndum um að koma miðstöðinni á laggirnar. Í kjölfar samstarfssamnings ÍSÍ og Háskóla Íslands komst nokkur skriður á málið og hefur verið fundað nokkuð reglulega um málið af fulltrúum HÍ og íþróttafhreyfingarinnar. Miðað við þær hugmyndir sem liggja fyrir er stefnt að því að koma á fót miðstöð með aðkomu sem flestra aðila sem vilja leggja á vogarskálarnar þekkingu og reynslu. Vonast er til að fleiri sérsambönd komi að stofnun félags um miðstöðina því mikilvægt er talið að íþróttahreyfingin eigi miðstöðina. Síðan verði gerðir samningar við menntastofnanir, fagaðila, fyrirtæki og aðra.

MÁLSTOFUR

ÍTR og ÍBR hafa staðið fyrir tveimur málstofum í vetur. Á fyrri málstofunni var fjallað um samstarf félaga og á þeirri síðari var afreksfólkið í brennidepli. Til stendur að halda áfram að bjóða málstofur um íþróttamál á næstu mánuðum.

100 ÁRA GJAFIR

Stjórn ÍBR ákvað að fá glerlistakonuna Sigrúnu Einarsdóttir í Bergvík til að hanna listaverk til að gefa þeim félögum sem hafa náð 100 ára aldri. Listaverkin eru „bautasteinn“ úr gleri með bláum, hvítum og rauðum lit innan í. Undirstaðan er sandblásinn glerstallur og á honum er skjöldur með nafni og stofndegi félagsins auk áritunar bandalagsins. Félögin hafa fengið peningagjafir en það þótti við hæfi að fengju einnig grip til minja frá bandalaginu.

ÍÞRÓTTAMAÐUR REYKJAVÍKUR 2011

Íþróttamaður Reykjavíkur árið 2011 var Hrafnhildur Skúladóttir handknattleikskona úr Val. Hrafnhildur fékk til varðveislu farandbikar og eignarbikar ásamt 150.000 kr. styrk frá ÍBR af þessu tilefni. Hrafnhildur var fyrirliði Íslands-, bikar- og deildarmeistara Vals. Hún lék stórt hlutverk í íslenska landsliðinu á sínu fyrsta stórmóti sem tók þátt í heimsmeistaramótinu í Brasilíu.

Auk hennar voru eftirtaldir tilnefndir og fengu auk þess styrk frá stjórn ÍBR að upphæð kr. 50.000-:

- Ásdís Hjálmsdóttir, Glímufélaginu Ármanni.
- Ásgeir Sigurgeirsson, Skotfélagi Reykjavíkur.
- Eygló Ósk Gústafsdóttir, Sundfélaginu Ægi.
- Hafþór Harðarson, Íþróttafélagi Reykjavíkur.
- Hannes Þór Halldórsson, Knattspyrnufélagi Reykjavíkur.
- Jón Margeir Sverrisson, Ungmennafélaginu Fjölni og Íþróttafélaginu Ösp.
- María Guðsteinsdóttir, Glímufélaginu Ármanni.
- Ólafía Þórunn Kristinsdóttir, Golfklúbbi Reykjavíkur.
- Ragna Ingólfsdóttir, Tennis- og badmintonfélagi Reykjavíkur.
- Þormóður Jónsson, Júdófélagi Reykjavíkur.

ÍÞRÓTTAMAÐUR REYKJAVÍKUR 2012

Íþróttamaður Reykjavíkur árið 2012 var Jón Margeir Sverrisson, sundmaður úr Fjölni og Íþróttafélaginu Ösp. Jón Margeir fékk til varðveislu farandbikar og eignarbikar ásamt 150.000 kr. styrk frá ÍBR af þessu tilefni. Jón Margeir varð Ólympíumótsmeistari í 200m skriðsundi á Ólympíumótinu í London. Jón setti einnig nýtt og glæsilegt heimsmet í þessu samaundi. Jón setti þrjú heimsmet á árinu 2012 auk þess að vinna til margra verðlauna í hinum ýmsu sundgreinum á mótum erlendis.

Auk hans voru eftirtaldir tilnefndir og fengu auk þess styrk frá stjórn ÍBR að upphæð kr. 50.000-:

- Aníta Hinriksdóttir, Íþróttafélagi Reykjavíkur.
- Anton Sveinn McKee, Sundfélaginu Ægi.
- Ásdís Hjálmsdóttir, Glímufélaginu Ármanni.
- Ásgeir Sigurgeirsson, Skotfélagi Reykjavíkur.
- Einar Daði Lárusson, Íþróttafélagi Reykjavíkur.
- Eygló Ósk Gústafsdóttir, Sundfélaginu Ægi.
- Guðný Jenný Ásmundsdóttir, Knattspyrnufélaginu Val.
- Haraldur Franklín Magnús, Golfklúbbi Reykjavíkur.
- María Guðsteinsdóttir, Glímufélaginu Ármanni.
- Þormóður Jónsson, Júðofélagi Reykjavíkur.

Íþróttamenn Reykjavíkur 1979 - 2010

| Ár | Nafn | Grein | Félag |
|------|--------------------------|-------------------|----------|
| 1979 | Guðmundur Sigurðsson | Lyftingar | Ármann |
| 1980 | Steinunn Sæmundsdóttir | Skíði | Ármann |
| 1981 | Marteinn Geirsson | Knattspyrna | Fram |
| 1982 | Páll Björgvinsson | Handknattleikur | Víkingur |
| 1983 | Guðrún Fema Ágústsdóttir | Sund | Ægir |
| 1984 | Bjarni Friðriksson | Júdo | Ármann |
| 1985 | Sigurður Pétursson | Golf | GR |
| 1986 | Guðmundur Guðmundsson | Handknattleikur | Víkingur |
| 1987 | Pétur Ormslev | Knattspyrna | Fram |
| 1988 | Haukur Gunnarsson | Frjálsar íþróttir | ÍFR |

| | | | |
|------|-----------------------------|-------------------|---------------|
| 1989 | Bjarni Friðriksson | Júdó | Ármann |
| 1990 | Bjarni Friðriksson | Júdó | Ármann |
| 1991 | Valdimar Grímsson | Handknattleikur | Valur |
| 1992 | Sigrún Huld Hrafnadóttir | Sund | Ösp |
| 1993 | Broddi Kristjánsson | Badminton | TBR |
| 1994 | Guðmundur Stephensen | Borðtennis | Víkingur |
| 1995 | Guðríður Guðjónsdóttir | Handknattleikur | Fram |
| 1996 | Jón Kristjánsson | Handknattleikur | Valur |
| 1997 | Kristín Rós Hákonardóttir | Sund | ÍFR |
| 1998 | Broddi Kristjánsson | Badminton | TBR |
| 1999 | Þormóður Egilsson | Knattspyrna | KR |
| 2000 | Kristín Rós Hákonardóttir | Sund | ÍFR |
| 2001 | Kristín Rós Hákonardóttir | Sund | ÍFR |
| 2002 | Ásthildur Helgadóttir | Knattspyrna | KR |
| 2003 | Karen Björk Björgvinsdóttir | Dans | ÍR |
| 2004 | Kristín Rós Hákonardóttir | Sund | ÍFR/ Fjölnir |
| 2005 | Ragnhildur Sigurðardóttir | Golf | GR |
| 2006 | Jakob Jóhann Sveinsson | Sund | Ægir |
| 2007 | Ragna Ingólfssdóttir | Badminton | TBR |
| 2008 | Katrín Jónsdóttir | Knattspyrna | Valur |
| 2009 | Ásdís Hjálmsdóttir | Frjálsar íþróttir | Ármann |
| 2010 | Ásdís Hjálmsdóttir | Frjálsar íþróttir | Ármann |
| 2011 | Hrafnhildur Skúladóttir | Handknattleikur | Valur |
| 2012 | Jón Margeir Sverrisson | Sund | Fjölnir / Ösp |

STYRKIR TIL ÍSLANDSMEISTARA

Samanlagt voru Íslandsmeistaralið styrkt um 3.040.000kr.- á árinu 2011. Eftirfarandi lið fengu styrki:

- Íslands- og bikarmeistarar KR í knattspyrnu og körfuknattleik karla.
- Bikarmeistarar ÍR í frjálsum íþróttum.
- Íslandsmeistarar Vals í handknattleik kvenna og bikarmeistarar í knattspyrnu kvenna og handknattleik karla.
- Bikarmeistarar Fram í handknattleik kvenna.
- Bikarmeistarar Ægis í sundi
- Íslandsmeistarar TBR
- Íslandsmeistarar GR í karlaflokki
- Íslandsmeistarar JR
- Íslandsmeistarar Víkings í borðtennis kvenna
- Íslandsmeistarar KR í borðtennis karla
- Íslandsmeistarar ÍR í keilu
- Íslandsmeistarar Víkings í kumite karla

Ekki liggur fyrir hvernig endanleg úthlutun vegna ársins 2012 verði háttað þó svo að búið sé að tryggja fjármagn.

ÓLYMPÍUSTYRKIR

Eftirtaldir íþróttamenn voru styrktir vegna þátttöku þeirra á Ólympíuleikum og Ólympíumóti í London 2012, um samtals kr. 4.800.000kr:

- Anton Sveinn McKee, sundmaður úr Sundfélaginu Ægi
- Ásdís Hjálmsdóttir, frjálsíþróttakona úr Glímufélaginu Ármanni
- Ásgeir Sigurgeirsson, skotíþróttamaður úr Skotfélagi Reykjavíkur
- Eygló Ósk Gústafsdóttir, sundkona úr Sundfélaginu Ægi
- Eva Hannesdóttir, sundkona úr KR
- Helgi Sveinsson, frjálsíþróttamaður úr Glímufélaginu Ármanni

- Jakob Jóhann Sveinsson, sundmaður úr Sundfélaginu Ægi
- Jón Margeir Sverrisson, sundmaður úr Fjölni og Íþróttafélaginu Ösp
- Matthildur Ylfa Þorsteinsdóttir, frjálsíþróttakona úr ÍFR
- Ragna Ingólfssdóttir, badmintonkona úr Tennis- og badmintonfélagi Reykjavíkur
- Sarah Blake Bateman, sundkona úr Sundfélaginu Ægi
- Þormóður Jónsson, júdómaður úr Júðofélagi Reykjavíkur

ALÞJÓÐALEIKAR UNGMENNA – INTERNATIONAL CHILDREN´S GAMES

Alþjóðaleikar ungmenna (International Children`s games) hafa verið haldnir um víða veröld í rúm 40 ár. Leikarnir eru keppni í hinum ýmsu íþróttagreinum fyrir ungmenni á aldrinum 12-15 ára. Samtökin sem standa að þessum leikum hafa verið viðurkennd af Alþjóða Ólympíunefndinni frá 1990. ÍBR hefur með stuðningi frá ÍTR sent þátttakendur á leikana frá árinu 2001. Hér að neðan má sjá stutta umfjöllun um þátttöku Reykjavíkur í leikunum s.l. tvö ár:

Lanarkshire 2011

Átján 14 og 15 ára unglingar tóku þátt en leikarnir fóru fram í Lanarkshire í Skotlandi 4.-7. ágúst. Árangur var einstakur þar sem að frjálsíþróttakeppendurnir unnu til tveggja gullverðlauna, ein silfurverðlaun og tveggja bronsverðlauna. Í sundinu bættust við gull- og silfurverðlaun auk þess sem að keppendurnir í júðóinu unnu til tveggja silfurverðlauna.

Til fararinnar voru valdir:

Frjálsar íþróttir:

Anita Hinriksdóttir

Thelma Lind Kristjánsdóttir

Bogey Ragnheiður Leósdóttir

Hanna Þráinsdóttir

Jón Gunnar Björnssoni

Gunnar Ingi Harðarson

Kristinn Héðinsson

Hilmar Örn Jónsson

Þjálfari liðsins var Hörður Grétar Gunnarsson, ÍR.

Badminton:

Daníel Jóhannesson

Stefán Ás Ingvarsson

Sigríður Árnadóttir

Jóna Kristín Hjartardóttir

Þjálfari liðsins var Árni Þór Hallgrímsson, TBR.

Júdó:

Roman Rumba

Logi Haraldsson

Þjálfari liðsins var Bjarni Skúlason, Ármanni.

Sund:

Rebekka Jaferian

Paulina Lazorikova

Kristinn Þórarinsson

Snær Jóhannsson

Þjálfari liðsins var Þuríður Einarsdóttir, Ármanni.

Aðalfararstjóri í ferðinni var Þórdís Gísladóttir, stjórnarmaður í ÍBR.

Daegu 2012

Átta 14 og 15 ára unglingar tóku þátt en leikarnir fóru fram í Daegu í Suður-Kóreu 13.-16. júlí. Þrátt fyrir langt ferðalag til Suður Kóreu þá gekk reykvísku keppendunum vel og náði í tvö bronsverðlaun. Önnur í sundi og hin í frjálsum íþróttum. Auk þess var mikið um persónulegar bætingar á leikunum.

Til fararinnar voru valin eftirfarandi ungmenni:

Frjálsar íþróttir:

Thelma Lind Kristjánsdóttir

Hanna Þráinsdóttir

Sævar Hlíðkvist Kristmarsson

Viktor Orri Pétursson

Þjálfari liðsins var Hörður Grétar Gunnarsson, ÍR.

Sund:

Rebekka Jaferian

Rannveig Rögn Leifsdóttir

Baldur Logi Bjarnason

Edward Árni Pálsson

Þjálfari liðsins var Jón Oddur Sigurðsson, KR

Aðalfararstjóri í ferðinni var Frímenn Ari Ferdinandsson, framkvæmdastjóri Íþróttabandalags Reykjavíkur.

GRUNNSKÓLAMÓT HÖFUÐBORGNA NORÐURLANDA

Grunnskólamót höfuðborga Norðurlanda var haldið í fyrsta skipti árið 1948 í Stokkhólmi. Síðan þá hefur mótið verið haldið ár hvert til skiptis í Kaupmannahöfn, Osló, Helsinki og Stokkhólmi fram til ársins 2011 en þá var það haldið í fyrsta sinn í Reykjavík. Markmið mótsins er að sameina skólaungmenni á Norðurlöndum í gegnum íþróttir og rækta þannig norrænan frændskap. Fyrir utan íþróttakeppnina sjálfa er lögð áhersla á að ungmennin kynnist hvert öðru sem og sögu landsins sem heimsótt er og venjum þess.

Mótið er haldið í síðustu viku í maí ár hvert. Fyrir hverja höfuðborg keppa 41 nemandi, 14 ára og yngri: 15 drengir í knattspyrnu, 10 stúlkur í handknattleik, 8 stúlkur í frjálsum íþróttum og 8 drengir í frjálsum íþróttum. Auk þess fylgja keppendum fjórir þjálfara og tveir fararstjórar. Þjálfarar Reykvísku keppendanna eru menntaðir íþróttakennarar og hefjast æfingar nokkrum mánuðum fyrir hvert mót.

Í þau átta skipti sem nemendur úr grunnskólum í Reykjavík hafa tekið þátt í mótinu hefur ÍBR séð um undirbúning og þátttöku í samráði við ÍTR, skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar, grunnskóla borgarinnar, íþróttafélögin í Reykjavík og sérráðin.

Þátttaka Reykjavíkur 2006-2010

Reykjavík hafði verið boðið að taka þátt í mótinu í mörg ár en það var ekki fyrr en árið 2006 að Reykjavíkurborg ákvað að taka þátt. Þá fór mótið fram í Helsinki og voru Reykvíkingar þá með sem gestir í knattspyrnu drengja. Árið 2007 voru aftur sendir drengir í knattspyrnu og þá til Osló og enduðu þeir í 2. sæti. Árið 2008 var mótið haldið í Kaupmannahöfn og var þá minnst 60 ára afmælis mótsins. Var þá ákveðið að Reykjavík sendi fullt lið til keppni og stóðu allir keppendur sig frábærlega og voru Reykjavík til sóma. Í Stokkhólmi árið 2009 sendi Reykjavík keppendur í körfuknattleik stúlkna og knattspyrnu drengja. Ári síðar þegar mótið fór fram í Helsinki keppti Reykvíska liðið í öllum íþróttagreinum mótsins og vonandi er það fyrirkomulag komið til að vera.

Reykjavík 2011

Í fyrsta skipti í sögu grunnskólamót höfuðborga Norðurlanda var það haldið í Reykjavík dagana 22.-27. maí 2011 og var ÍBR framkvæmdaraðili þess en Reykjavíkurborg gestgjafinn. Á mótinu í Reykjavík var ákveðið að keppa í handknattleik stúlkna í stað körfuknattleik stúlkna og halda því fyrirkomulagi a.m.k. til næstu fjögurra ára. Mótsgestir voru alls 235 talsins og gistu þjálfarar og keppendur í farfuglaheimilinu en fararstjórar í gistiheimili vegna plássleysis í farfuglaheimilinu. Til stóð að öll íþróttakeppnin fram í Laugardal og jafnframt notað tækifærið til að kynna fyrir erlendu gestunum land okkar og menningu. Eldgosið í Grímsvörnum sem hófst laugardaginn 21. maí setti töluvert mark sitt á mótahaldið. Mótsgestir áttu að koma til landsins á sunnudeginum en vegna flugbanns komu fyrstu erlendu gestirnir aðfaranótt þriðjudags, rúmum tveimur sólarhringum síðar en áætlað var. Vegna gossins raskaðist verulega skipulag mótsins og fella þurfi niður suma dagskráliði til að koma keppnisdagskrá fyrir. Vegna varúðarráðstafana þurfti að flytja keppni innanhúss bæði í frjálsum íþróttum og knattspyrnu sem fór fram í Egilshöll og kosta til rútuferðum fram og til baka úr Laugardal. Allt gekk þetta vel að lokum með grettistaki góðra manna og fóru mótsgestir ánægðir heim eftir óvenjulega reynslu á Íslandi.

Osló 2012

Reykjavík sendi lið í öllum greinum til Ósló dagana 20.-25. maí. Liðið stóð sig vel og var í efri sætum í öllum greinum. Fulltrúar Reykjavíkur voru borginni til sóma eins og öll hin árin. Ljóst er að okkar keppendur standa jafnfætis jafnöldrum sínum í hinum höfuðborgum Norðurlandanna.

Kaupmannahöfn 2013

Undirbúningur allra þjálfara reykvíska liðsins hófst í janúar 2013 fyrir mótið í Kaupmannahöfn. Reykjavík sendir keppendur í handknattleik stúlkna, knattspyrnu drengja og lið stúlkna og drengja í frjálsum íþróttum. Hópurinn fer út 26. maí og kemur heim 31. maí. Næsta ár er Stokkhólmur gestgjafi mótsins.

REYKJAVÍK INTERNATIONAL GAMES (RIG) – REYKJAVÍKURLEIKAR

Að undanfögnu hefur vöxtur Reykjavíkurlleika verið það mikill að nú standa þeir yfir frá þriðju yfir á fjórðu helgina í janúar ár hvert. Áhugi er fyrir því að svo verði áfram.

Mótshlutarnir eru orðnar 19 talsins og auk þess sem að málstofa, ráðstefna og hátíðardagskrár er orðið ómissandi hluti af RIG. Keppt er í einstaklingsgreinunum badminton, listhlaupi á skautum, borðtennis, kraftlyftingum, dansi, frjálsum íþróttum, sundi, bogfimi, keilu, skylmingum, júdó, ólympískum lyftingum, karate, taekwondó, hjólreiðum, skvassi, þríþraut og fimleikum. Heildarfjöldi keppenda er um 2700 og af þeim um það bil 400 erlendir gestir. Fatlaðir taka þátt í leikunum.

Hver mótshluti á fulltrúa í undirbúningsnefnd RIG. Fundum undirbúningsnefndar hefur verið fækkað á undanfögnu leikum enda orðnar það fjölmennir. Í umboði nefndarinnar og stjórnar ÍBR starfar framkvæmdaráð en það skipa Bjarnveig Guðjónsdóttir (SR), Gústaf Adolf Hjaltason (Ægi), Jón Þór Ólason (Ármanni), Vilhelm Patrick Bernhöft (LR) og Kjartan Ásmundsson starfsmaður ÍBR. Aðrir starfsmenn ÍBR koma í mismiklu mæli að framkvæmd RIG.

Á undanfögnu árum hefur framkvæmd mótshlutanna færst í meira mæli yfir til sérsambanda viðkomandi íþróttagreina. Í flestum tilfellum er því umsjón orðin í höndum sérsambanda ÍSÍ enda þau vel til þess fallin að halda afreksíþróttamót með réttu tengslin erlendis og starfandi í umboði allra félaga.

Leikarnir hafa orðið glæsilegri með hverju árinu sem líður og stefnt er að áframhaldandi fjölgun erlendra þátttakenda. Mótið er flokkað sem afreksíþróttamót þar sem stefnt er að því að fá til landsins sterka erlenda keppendur í öllum greinum. Á undanfögnu tveimur árum hefur orðið mikill viðsnúningur í styrkleika mótshlutana þar sem að nýjar greinar hafa komið sterkar inn með fjölda erlendra keppenda auk þess sem að upprunalegu mótshlutarnir hafa flestir haldið sínum styrk.

Málstofa fór í fyrsta skipti fram á RIG 2013 í húsakynnum KSÍ og var unnin í samráði við Jón Arnar Magnússon, Elínu Sigurðardóttur og Atlas endurhæfingu auk Lauga Spa sem

buðu öllum í Baðstofuna að málstofunni lokinni. Vel tókst til og skorað var á skipuleggjendur að framhald yrði á þeirri vinnu.

Ráðstefnan var áfram í samstarfi við ÍSÍ auk þess sem að Íþróttafræðasvið HR kom að framkvæmdinni á tveimur síðustu leikum. Erlendir fyrirlesarar sóttu Ísland heim og var góður rómur gerður að henni.

Ekki væri hægt að halda leikana nema með dyggum stuðningi borgaryfirvalda auk bakhjarls RIG Símans. Aðrir samstarfsaðilar eins og RÚV, MBL, MS, ÍSÍ, HR, Icelandair og Getspá eiga líka heiður skilinn fyrir þeirra framlag.

Áhugi fjölmiðla hefur leitt til þess að almenningur hefur sýnt viðburðinum aukinn áhuga og finna mótshaldarar fyrir meiri skilningi og áhuga á þeirra starfi. Þess má geta að rúmlega helmingur landsmanna sá a.m.k. 5 mínútur af útsendingum RÚV frá Reykjavíkurleikum. Auk þess þá var gerður samningur við www.mbl.is þar sem að fréttaritari RIG fékk aðgang til að skrifa fréttir. Við þetta samstarf bættist sá möguleiki að geta sent myndir og myndskleið inn á sameiginlegan vef RIG en Síminn aðstoðaði við þá vinnu. Það jók áhuga mótshlutanna á að senda inn gott fréttæfni og áhuga almennings á viðburðinum. Í mörgum tilfellum voru myndskleið af úrslitum komin inn á www.mbl.is rétt eftir að úrslit voru ráðin eða met sett. Mikil ánægja var með samstarfið þar sem að mótahlutarnir fengu meiri athygli og www.mbl.is vandaðan fréttáflutning.

Á næstu árum er stefnan sett á að bæta við fleiri íþróttagreinum auk þess að gera viðburðinn að fjölþjóðlegum íþrótt- og menningaviðburði þar sem íþróttafólk kemur saman til að keppa og skemmta sér og öðrum.

ÁNÆGJUVOGIN 2012

Haustið 2009 fór Íþróttabandalag Reykjavíkur af stað með verkefni til að leggja áherslu á ánægju iðkenda hjá íþróttafélögunum. Verkefnið var unnið í samstarfi við Viðar Halldórsson, íþróttafélagsfræðing. Byrjað var á því um haustið, í samráði við íþróttafulltrúana, að leggja fyrir iðkendur hverfafélaganna í Reykjavík spurningakönnun. Niðurstöður könnunarinnar voru svo kynntar fyrir félögunum. Í kjölfar könnunarinnar útbjó Viðar Halldórsson íþróttafélagsfræðingur, í samstarfi við hverfafélögin og ÍBR, fræðsluefni með leiðum til að auka ánægju iðkenda enn frekar.

Slíkur var áhugi forráðamanna hverfafélaganna í Reykjavík að strax í kjölfarið var ákveðið að leita leiða til að mæla þessa þætti með ábyggilegri hætti. Komið var á samstarfi við Rannsóknir & Greiningu þar sem að bætt var við svokölluðum ánægjukvarða í Ungt fólk rannsókn þeirra en hún er m.a. lögð fyrir 8-10. bekk. Auk þess

lagði bandalagið áhersla á að hægt væri að greina aðra þætti, eins og tóbaksnotkun og líðan, niður á stærstu félögin en ekki bara niður á póstnumer eða grunnskóla eins og áður var hægt að gera. Því miður er ekki hægt að greina gögnin niður á fámennari félögin þar sem að fjöldinn á bak við gögnin þarf að vera nægjanlegur svo að niðurstöður teljist marktækar.

Markmiðið var og er enn að fá sem gleggsta mynd af íþróttastarfinu í Reykjavík með það fyrir augum að bæta það og koma í veg fyrir óþarfa brottfall ungmenna úr íþróttastarfinu.

Aftur var ánægjukvarðinn, en þó endurbættur, lagður fyrir reykvísk ungmenni í febrúar 2012, þ.e. að tveimur árum liðnum.

Heildarfjöldi þeirra sem afstöðu tóku í könnuninni voru 1573 og skiptist það nokkuð jafnt á milli kynja. Þau félög sem fengu skýrslu frá ÍBR voru Ármann, Dansfélag Reykjavíkur, Fákur, GR, Valur, Fjölpir, Fram, Fylkir, ÍR, KR, Leiknir, Björninn, SR, TBR, Víkingur og Þróttur.

Ánægja á æfingum, ánægja með íþróttafélagið, ánægja með þjálfarann og ánægja með æfingaaðstöðuna jókst marktækt á milli árunna 2010 og 2012. Ánægjan með áðurnefndna þætti var svipuð á milli kynja.

Mest ánægja var á meðal þeirra sem æfðu 5 sinnum eða oftar í viku og þeirra sem æfa 1-2 sinnum í viku. Út frá því má draga þá ályktun að þeir sem æfa oft og vita hvar þeir eru staddir getulega og þeir sem æfa sjaldan og gera sér ekki miklar væntingar um árangur séu ánægðustu iðkendur ÍBR.

Hvað varðar upplifun iðkenda á áherslur þjálfara á drengilega framkomu og heilbriggt líferni þá komu aðildarfélög ÍBR betur út en landsmeðaltal íþróttafélaga.

Reykingar eru almennt ekki vandamál innan aðildarfélaga ÍBR en staðan varðandi ölvun, munn-, neftóbaks-, maríjúana- eða hassnotkun er sú að íþróttahreyfingin stendur marktækt betur en landsmeðaltal en þó er hlutfallið of hátt.

Munn og neftóbaksnotkun hefur heldur aukist á Íslandi síðustu ár. Umræðan hefur gjarnan verið sú að íþróttafólk noti þessa tegund tóbaks meira en aðrir. Samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar eru þeir sem iðka íþróttir í Reykjavík ekki líklegri til að nota munn- og neftóbak heldur en þeir sem ekki iðka íþróttir.

Eins og niðurstöður könnunar Rannsóknar & Greiningar á meðal nemenda í 8.-10. bekk sýna eru íþróttafélögin í Reykjavík að standa sig vel og sinna mikilvægu forvarnarstarfi.

Í framhaldinu getur hvert félag fyrir sig unnið í þeim þáttum sem niðurstöðurnar sína að þörf sé að bæta.

Stjórn ÍBR stefnir að því að taka þátt í rannsókninni annað hvert ár. Niðurstöðurnar munu því nýtast á næstu árum í allri stefnumótun jafnt hjá aðildarfélögunum sem og bandalaginu sjálfu.

ÍSÍ og UMFÍ tóku í fyrsta sinn þátt í könnuninni fyrir árið 2012 og þar með var sami spurningalisti lagður fyrir allt úrtakið en ekki bara í Reykjavík. Það mun vonandi nýtast heildarsamtökunum í þeirra baráttu fyrir grasrótina. Að auki bauðst öðrum héraðssamböndum að fara að fordæmi ÍBR og fá skýrslur fyrir sín aðildarfélög.

SIÐAMÁL

Síðasta ár hófst samvinna að siðamálum en þá lögðust á eitt ÍBR, ÍTR og mannréttindaskrifstofa Reykjavíkurborgar. Settur var á fót fimm manna vinnuhópur með fulltrúum frá ÍBR, ÍTR, mannréttindaskrifstofu Reykjavíkur, Ármanni og Fjölni. Byrjað var að móta jafnréttisstefnu og siðareglur í samstarfi við fulltrúa allra deilda Fjölnis og Ármanns. Félögin komu með fjölmargar tillögur að efnivið í jafnréttisstefnu sem vinnuhópurinn útfærði nánar og lagði aftur til umsagnar fyrir sama hóp. Að lokum var tilbúið skapalón að jafnréttisstefnu og siðareglum sem bæði félögin nýttu sér og gerðu að sínum eigin. Í þjónustusamningum félaganna við ÍTR og ÍBR er ákvæði um að félögin hafi virka jafnréttisstefnu og skili henni til ÍBR samhliða öðrum gögnum. Til að koma móts við félögin er til staðar skapalón að jafnréttisstefnu á heimasíðu ÍBR sem félögin geta nýtt sér.

ÍSÍ hefur einnig unnið að siðamálum og þótti skynsamlegast að vera samstíga ÍBR í þessari þörfu vinnu. Samstarfið byggir á því að ÍBR og ÍSÍ njóta góðs af vinnu hvors annars og birta upplýsingar undir sama heiti á hnapp, *Forvarnir*, á sínum heimsíðum. Með því móti fær öll íþróttahreyfingin sömu upplýsingar á aðgengilegan hátt. Á heimasíðu bandalagsins, undir hnappnum *Forvarnir*, er að finna m.a. upplýsingar um siðareglur, jafnréttisstefnu, viðbragðsáætlun ÍSÍ, reglur íþróttamannvirkja o.fl. þessu tengt.

Betur má ef duga skal og er markmið ÍBR að efla bakland sinna aðildarfélaga enn frekar á næstu mánuðum. Stefnan er að fylgja verkefninu úr hlaði með fræðslu til félaganna og bjóða uppá lausnir til að móta viðeigandi verklagsreglur.

FRÍSTUNDAAKSTUR HVERFAFÉLAGANNA

Í lok árs 2008 skoruðu íþróttafulltrúar hverfafélaganna á borgaryfirvöld að styrkja félögin vegna s.k. frístundaaksturs. Aksturinn er hugsaður til þess að færa æfingar yngstu iðkenda fyrr á daginn og jafna hlut iðkenda gagnvart aðgengi að íþróttamannvirkjum borgarinnar. Verkefnið fluttist á tímabilinu undir Skóla- og frístundasvið borgarinnar en annars eru sömu aðilar sem skipa vinnuhópinn fyrir hönd ÍBR og Reykjavíkurborgar. Áfram er gert ráð fyrir þessum styrkjum í fjárhagsáætlunum borgarinnar en upphæðin hefur staðið í stað frá upphafi á meðan að kostnaður hefur hækkað mikið. Þó svo að almenn ánægja sé meðal foreldra með aksturinn þá hefur kostnaðarhlutdeild félaganna aukist það mikið að segja má að komið sé að sársaukamörkum.

FUNDIR MEÐ HVERFAFÉLÖGUM

Samkvæmt þjónustusamningum borgarinnar við aðildarfélag ÍBR þá er mælt til þess að fulltrúar helstu þjónustaðila sem vinna innan hvers hverfis komi saman og fundi a.m.k. einu sinni á ári en þessir aðilar eru þjónustumiðstöð, frístundamiðstöð, íþróttafélag og svo fulltrúi frá ÍBR sem stýrir og boðar til þessarra funda. Þessir fundir hafa gengið vel fyrir sig og eftt að mörgu leyti samstarfið á milli þessara ólíku þjónustuaðila.

MELAVÖLLURINN

Á fyrsta áratug síðustu aldar var tekið að hugleiða á hvern hátt þess yrði minnst að 17. júní 1911 yrði liðin öld frá fæðingu Jóns Sigurðssonar forseta. Einn þáttur hátíðarinnar skyldi vera íþróttamót, en engin var aðstaðan. Þá tóku átta íþróttá- og ungmennafélaög í Reykjavík höndum saman og stofnuðu Íþróttasamband Reykjavíkur 12. september 1910, um þetta málefni að koma upp íþróttavelli á Melunum. Kosin var framkvæmdastjórn undir forystu Ólafs Björnssonar ritstjóra, en verkstjóri var Steindór Björnsson frá Gröf í Mosfellssveit. Völlurinn var á svæði sem takmarkast nú af Hringbraut, Birkimel, Víðimel og Furumel. Völlurinn var tekinn í notkun 11. júní 1911 með knattspyrnuleik milli Fram og KR. Viku síðar var efnt til íþróttamóts á afmælisdegi Jóns Sigurðssonar.

Í hvassviðri veturinn 1925-26 fauk girðingin umhverfis völlinn og treysti stjórn sambandsins sér ekki til að kosta endurgerð hennar og tók þá borgarstjórn Reykjavíkur að sér að koma upp nýjum velli þar sem gamla staðsetningin var inni á væntanlegu vegastæði Hringbrautar. Eldri völlurinn lagðist af vegna þess að 2 stórar blokkir voru reistar við Hringbraut árið 1942.

Nýja vellið var skipað 5 manna stjórn og voru 2 stjórnarmenn tilnefndir af ÍSÍ fram til 1944 er ÍBR skipaði 2 menn í stjórn eftir það allt þar til vorið 1962 að Íþróttaráð Reykjavíkur tók við af vallarstjórn, en skipan fulltrúa var hinn sama, en borgarstjórn kaus 3 menn í stjórn.Árið 1986 tók ÍTR við stjórn Melavallarins, en völlumurinn var lagður niður 1987.

Á fyrsta áratug þessarar aldar hófst umræða um að minnst þess að á Melunum hefði verið háborg íslenskra útiþróttar um 75 ára skeið og vísaði borgarstjórn málinu til ÍTR,sem sendi það áfram til ÍBR.

Hinn 26. maí. 2004 skipaði stjórn ÍBR þessa í undirbúningsnefnd um minningu um Melavöllinn, Reyni Ragnarsson þáverandi formann ÍBR sem formann, Halldór Einarsson Val, Jónas Sigurðsson ÍBR-KR, Sigurgeir Guðmannsson fyrrverandi framkvæmdastjóri ÍBR og Stein Halldórsson formann KRR, sem var framkvæmdastjóri nefndarinnar. Nefndin fékk Steinunni Þórarinsdóttur til að gera tillögu að minnsvarða á gamla vallarsvæðinu sunnan kirkjugarðsins og meðfram Suðurgötu og Kára Schram til að gera heimildarmynd um sögu vallarins,Kári ræddi við fjölmarga sem tengdust Mellavellinum og var myndin frumsýnd í Bíó Paradís við Hverfisgötu 9.mars 2012.

Í kynningu um myndina segir eftirfarandi: „Viðtölum er fléttað saman við fágæt gömul myndskreið sem sýna margbrotna sögu vallarins frá upphafi árið 1911 til lokadags 1987. Minnst er þeirra góðu karla og kvenna sem unnu, svitnuðu, og felldu tár í rykmettaðan völlum. Hér iðkuðu landsmenn boltaíþróttir og frjálsar,box,glímu, dans og fimleika- og á veturna fór fólk á skauta. Dregið er fram hvernig starf íþróttahreyfingarinnar á Melavellinum tengist helstu hátíðum og mótun sjálfsmyndar Íslendinga á 20.öld. Þaulunnin heimildarmynd sem varpar nýju ljósi á hið fjölbreytta hlutverk sem völlumurinn lék í félagslífi Reykvíkinga.Hún hefur hlotið einróma lof fyrir að vera aldarspegill sem fangar tíðarandann og sögu íslenskrar menningar á einstakan hátt.“

Síðan var myndin sýnd í Ríkissjónvarpinu 20.desember 2012.

Þá var myndin valin til sýningar á íþróttavikmyndahátíð í Mílanó: "FICTS FEDERATION INTERNATIONAL CINEMA TELEVISION SPORTFITS, SPORT MOVIES & TV 30 th MILANO INTERNATONAL FICTS FEST 2012" .

Ef undanskilin eru sund- og skíðamót, gengdu íþróttamannvirki í eigu íþróttafélaganna í Reykjavík, Melavöllur og Hálogaland, því hlutverki um áratugaskeið að hýsa alla kappleiki og öll íþróttamót í svokölluðum landsmótum landsmanna.

REYKJAVÍKURMARABON

Reykjavíkummarabon Íslandsbanka(RMÍ) fór fram í tuttugasta og níunda sinn þann 18. ágúst 2012. Eins og undanfarin 12 ár fór hlaupið fram sama dag og Menningarnótt.


Reykjavíkummarabon er stærsti íþróttaviðburður á Íslandi þar sem allir geta verið þátttakendur á eigin forsendum á hvaða aldurs- eða getustigi sem er. Auk þess hefur marabonhlaupið undanfarin ár einnig verið Íslandsmeistaramót. Starfsemi Reykjavíkummarabons er heilsársverkefni. Það er að mörgu að hyggja í undirbúningi, skipulagi og markaðssetningu innanlands sem utan. Samskipti og upplýsingagjöf við þátttakendur er mikill í gegnum póst og heimasíðu. Mikilvægt tengslanet hefur orðið til við þá aðila sem starfa með Reykjavíkummarabon ár eftir ár. Eftir hvert hlaup tekur við frágangur, uppgjör og endurmat. Allir þættir eru endurskoðaðir áður en farið er af stað við undirbúning næsta árs. Auk þess stendur Reykjavíkummarabon fyrir framkvæmd tveggja annarra hlaupa: Miðnæturhlaups á Jónsmessu og Laugavegshlaups sem er 55 km fjallahlaup á milli Landmannalauga og Þórsmerkur.

Reykjavíkummarabon Íslandsbanka hefur sýnt sig að vera mikilvægur heilsusamlegur viðburður. Rannsóknir sýna að fjöldaviðburðir í hreyfingu eins og Reykjavíkummarabon Íslandsbanka, hafa hvetjandi áhrif til æfinga og hreyfingar auk þess gefa þeir þátttakendum færi á að upplifa sig á jákvæðan hátt sem hvetur þá áfram til hreyfingar. Þeir sem hafa tekið þátt einu sinni eru frekar tilbúnir í lífsstílsbreytingu í hreyfingu í framhaldi af slíkum viðburði.

Einnig má nefna að Reykjavíkummarabon er viðburður sem skapar miklar gjaldeyristekjur vegna þess mikla fjölda erlendra hlaupara auk fylgdarfólks sem sækja landið heim. Þá hefur líka verið sýnt fram á jákvæð þjóðhagsleg áhrif Reykjavíkummarabons Íslandsbanka.

Þátttakendur 2012 komu frá 63 þjóðum og voru alls 1.685 talsins. Flestir voru þeir frá Bandaríkjunum, Kanada, Bretlandi og Þýskalandi.

Þátttakendum hefur fjölgað ár frá ári og voru árið 2012 samtals 13.410. Aukning á milli ára 2011-2012 var 18% í maraboni og 17% í 10 km hlaupi. Kynjahlutföll eru nokkuð jöfn. Í 10km eru konur fleiri, þær voru 60% en karla 40%. Í maraboni eru karlar 70% og konur 30%. Í hálfmaraboni eru karlar 53% og konur 47%.



Hlaupaleiðir innan Reykjavíkummarabons Íslandsbanka eru 6 talsins.

Tímatökuvegalengdir eru: Marabon og hálfmarabon, boðhlaup þar sem tveir til fjórir geta skipt á milli sín 42,2 km. Fjölmennast er 10 km hlaupið. Í öllum þessum vegalengdum var framkvæmd umfangsmikil endurmæling 2012, sem þarf að gera á 5 ára fresti til að standast kröfum alþjóðalega sambandsins AIMS sem Reykjavíkummarabon hefur verið meðliður í síðan 1987. Það er talið gæðamerking að vera meðlimur AIMS. Nú hefur FRÍ ákveðið að engir tímar komist inn á afrekaskrá nema þeir sem fengir eru úr hlaupum mældum með AIMS staðli. Skemmtiskokkið sem er 3 km hlaup fyrir alla aldurshópa og Latabæjarhlaup fyrir aldurshópana 0-8 ára.

Skráning í RMÍ hefst í janúar ár hvert á marathon.is. Þar fer fram greiðsla um leið og skráning. Þar er einnig hægt að velja góðgerðafélag og hefja áheitasöfnun.

Fyrirkomulag áheitasöfnunar hefur verið í stöðugri þróun undanfarin ár og hefur náð að festa sig í sessi. Sérstök vefsíða hlaupastyrkur.is tengist heimasíðu hlaupsins marathon.is, þar sem hægt er að heita á hlaupara og góðgerðafélög. Árið 2012 var enn og aftur slegið með í áheitum og alls var safnað 45.987.154 kr til 130 góðgerðafélaga. Rúmlega 30% þeirra hlaupara sem tóku þátt í áheitavegalengdum Reykjavíkummarabons skráðu sig á hlaupastyrkur.is og söfnuðu áheitum. Um er að ræða 3.334 hlaupara. Heildarfjöldi áheita var 17.458. Tæplega 80 af þeim 133 félögum sem tóku þátt í söfnuninni fengu meira en 100.000 krónur í sinn hlut, tíu félög fengu meira en milljón.

Daginn fyrir hlaup er afhending hlaupagagna. Þessi viðburður hefur vafið uppá sig en hann hefur verið haldinn í Laugardalshöll undanfarin ár. Auk afhendingar gagna fyrir


forskráða er tekið á móti nýskráningum. Öllum er boðið í pastaveislu. Verslanir með hlaupavarning eru settar upp auk margs konar kynningarbása. Góðgerðafélög hafa fengið aðstöðu til að kynna sig. Haldnir eru fyrirlestrar sem fram hafa komið innlendir og erlendir hlauparar. Þarna er vettvangur fyrir samstarfsaðila RM að kynna sig. Auk þess sem RM setur fram alls kyns upplýsingar um hlaupið. Þetta er í raun allsherjar skemmtun þar sem hlauparar eru að hittast og njóta þess sem er í boði.

Undirbúningur og skipulag fyrir 13.410 manna viðburð er margskonar. Tímatökumál og tæknin í kringum það eru umfangsmikil. Allt frá því að þátttakandi skráir sig og þar til hann getur lesið úrslit sín í tíma. Tímataka er í fjórum hlaupum 42 km, 21 km, boðhlaupi og 10 km. Að auki eru millitímar teknir á 5 stöðum í heilu maraþoni og á 2 stöðum í hálfu maraþoni. Skemmtiskokk og Latabæjarhlaup eru án tímatöku.

Drykkjarstöðvar eru á 10 stöðum og er veitingar í formi 12.000 lítra af vatni og 10.000 lítr af Powerade orkudrykkjum. Brautarverðir og þjónusta er á 100 stöðum auk alls kyns merkinga og þjónustu í formi skilta, borða, fána, klósetta og annarra umgjarðar sem til þarf. Alls konar uppákomur eru á leiðinni. Tónlistaratriði eru á vegum hlaupsins á sex stöðum á leiðinni og svo hafa aðrir bæst við af sjálfsdáðum. Góðgerðasamtök eru með sína áhangendur á ýmsum stöðum til að hvetja þátttakendur. Í lokin á marksvæði fá allir þátttakendur þátttökuverðlaun auk átta annarra mismunandi verðlauna fyrir sigurvegara.

Gróska Reykjavíkurmaraþons er afrakstur góðrar samvinnu margra aðila. RM á góða samstarfsaðila sem hafa verið mikill og góður stuðningur ár eftir ár. Fyrst má nefna fyrirtækin Íslandsbanka, ferðaskrifstofan Vita, Sportís, Vífilfell, Suzuki og SS. Auk Reykjavíkurborgar og þjónustumiðstöðva borgarinnar og Íþróttá- og tómsundaráðs. Aðrir eru Höfuðborgarstofa, SVR og Lögreglan. Samvinna er góð við íþróttafélögin. Þaðan koma hópar og einstaklingar sem sjálfboðaliðar í vinnu fyrir íþróttafélögin í Reykjavík og nágrenni. Alls eru þetta 500 starfsmenn sem standa vaktina við að þjónusta þátttakendur. Auk fjölda annarra hópa og einstaklinga sem gera framkvæmd hlaupsins að veruleika. Kostnaður við rekstur hlaupsins er allnokkur en þó hafa þátttökugjöld og framlög samstarfsaðila staðið undir rekstararkostnaði. Þrátt fyrir að RM sé sérstakt fyrirtæki, hefur það sýnt sig að reksturinn á vel heima innan íþróttahreyfingarinnar þar sem samvinna við félög er góð og allir „sjálfboðaliðar“ vinna fyrir launum í RMÍ í þágu síns félags. Síðast enn ekki síst er mannauðurinn sem starfar með RM ár eftir ár íþróttáhugafólk úr íþróttahreyfingunni.

Skráningartölur Reykjavíkumaraþons 2007-2012



Reykjavíkumaraþon sendur einnig fyrir tveimur öðrum hlaupum og heldur utan um mótaröð með hlaupum sem tilheyrja frjálsíþróttadeildum innan ÍBR.

Miðnæturhlaupið

Miðnæturhlaupið á Jónsmessu var haldið í 20. sinn 21. júní árið 2012. Hlaupið ber nú nafnið Miðnæturhlaup Suzuki en heldur hefðbundnu sniði. Auk nýs nafns voru gerðar umtalsverðar breytingar á hlaupinu. Þrjár vegalengdir hafa verið frá upphafi 3km, 5km og 10km. Breytingin fól í sér nýja 21 km vegalengd, nýja leið í 10 km og breytta í 5 km, 3km hlaupið var lagt niður. Allar vegalengdir eru mældar eftir alþjóðlegum staðli AIMS (heimssamtök maraþonhlaupa), eins og Reykjavíkumaraþon Íslandsbanka og eru því allir tíma gildir í afrekaskrá. Helstu hefðir í hlaupinu eru að það er haldið að kvöldi til á Jónsmessu, og þátttakendum boði í sund að hlaupi loknu. Þessari hefð var ekki breytt. Hlaupið er framkvæmt með starfsmönnum frá frjálsíþróttadeildir Ármanns og Fjölnis og góðri samvinnu við forsvarsfólk deildanna. Þátttakendur árið 2012 voru 2000 samtals.

Laugavegshlaupið

Laugavegshlaupið fór fram í fjórtánda sinn þann 17. júlí 2012. Hlaupið er 55km langt og hefst í Landmannlaugum og endar í Húsadal í Þórsmörk. Þátttakendum hefur fjölgað undanfarin ár og hefur í raun selst upp í hlaupið á nokkrum dögum. Gos og aska í Eyjafjallajökli settu mark sitt á hlaupið 2010 -2011. Árið 2012 var aftur komi á jafnvægi og þátttakendur um 300. Starfsmenn hlaupsins hafa eins og undanfarin ár verið velunnarar ÍBR og Reykjavíkumaraþons, alls voru þeir 50 staðsettir í Húsadal. Starfsmenn á leiðinni eru 40 talsins frá hlaupahópnum Frískum Flóamönnum á Selfossi og hafa þeir með sér hjálparveitina á Selfossi og nágrenni. Mikið skipulag þarf til að

annast svo marga þátttakendur á fjöllum og gæta öryggis þeirra. Stærsti samstarfsaðili hlaupsins er Kynniferðir en þeir sjá um að kom þátttakendum til og frá upphafs- og endamarki. Auk þess er send rúta í Emstrur þar sem þátttakendur eru stoppaðir við 6 tíma tímatakörk. Mikinn viðbúnað þarf til að þjónusta þennan fjölda hlaupara og helst má nefna uppsetningu sturta, tjaldbúða og klósettgáma auk þess sem grillað er ofan í allan mannskapinn. Hlaupið er mikið ævintýri og það eru allir sigurvegarar sem ná í mark í Húsadal. Þar ríkir mikil stemning að loknu hlaupi þar sem þátttakendur fagna með hvor öðrum og fjölskyldum sínum og vinum, sem yfirleitt fjölmenna í Húsadal. Samstarfsaðilar RM, undanfarin ár, í Laugavegshlaupi hafa verið: Kynniferðir, Vita, Valitor, Suzuki, Cintamani, Ferðafélag Íslands og Farfluglar.

Powerade sumarhlaupin

Árið 2009 kom Reykjavíkumaraþon á mótarið undir nafni Powerade sumarhlaupin. Þeir sem eiga aðild að mótariðinni eru frjálfsþróttadeildir innan ÍBR með hlaupin: Víðavangshlaup ÍR, Fjölnishlaupið og Ármannshlaupið auk Miðnæturhlaups Suzuki á Jónsmessu. og Reykjavíkumaraþons Íslandsbanka. Þátttakendur í þessum hlaupaum geta safnað stigum þar sem ákveðin stig eru veitt fyrir þátttöku í hverju hlaupi og unnið til verðlauna.

SKAUTAHÖLLIN

Tímabilið frá síðasta ársþingi ÍBR hefur verið þungt í rekstri hallarinnar og kemur þar marga til.

Aukinn rekstrarkostnaður s.s. vegna orku. Aðsókn almennings og tekjur svipaðar í krónum talið, húsaleigutekur hafa ekki hækkað þrátt fyrir að opnunartíminn hafi verið lengdur fram á sumarið. Miklar bilanir á frystibúnaði og hefli hallarinnar hafa verið erfiðar og kostnaðarsamar. Jákvætt er að búið er að ákveða kaup á nýjum íshefli sem kemur í gagnið með haustinu.

Ljóst er að ráðast þarf í aukið viðhald og nýframkvæmdir á næstu árum ætlum við að halda stöðu hallarinnar sem stærsta keppnissvells og fjölsóttasta almennings skautasvells landsins. Nefna má endurnýjun á ljósum, byggingu upphitunar- og æfingasals, kaupa og uppsetningu á þurrkunarbúnaði fyrir svellið (sparar orku). Einnig þarf að endurnýja gólfefni í eldri byggingu.

ÚTHLUTUN HEIÐURSVIDURKENNINGA ÍBR

Sumarið 1954 var Halldór Pétursson listteiknari fenginn til að gera tillögur að merki fyrir ÍBR af tilefni 10 ára afmælis bandalagsins þann 31. ágúst. Skilaði hann nokkrum tillögum og varð núverandi merki fyrir valinu. Jafnframt var merkið útfært sem heiðursmerki, gullstjarna ÍBR, er ákveðið var að taka upp heiðranir fyrir störf að íþróttamálum í Reykjavík. Stjarnan er gerð úr silfri en á henni miðri er mynd Ingólfs Arnarsonar úr gulli. Gullmerki ÍBR var úthlutað í fyrsta skipti á 45 ára afmæli ÍBR hinn 31. ágúst 1989.

Gullstjörnu ÍBR hafa hlotið:

1954: Bjarni Benediktsson, Gunnar Thoroddsen, Benedikt G. Waage, Benedikt Jakobsson, Erlendur Ó. Pétursson, Erlingur Pálsson, Gunnar Þorsteinsson, Jens Guðbjörnsson, Kristján L. Gestsson, Ólafur Sigurðsson, Úlfar Þórðarson, Þorsteinn Einarsson

1958: Jóhann Hafstein

1959: Andreas Bergmann

1961: Sveinn Zöega

1964: Baldur Möller, Gísli Halldórsson

1967: Frímann Helgason, Jóhann Jóhannesson, Jón Guðjónsson, Sigurður Halldórsson

1968: Guðjón Einarsson, Stefán G. Björnsson

1969: Geir Hallgrímsson, Sigurður Ólafsson

1970: Einar Sæmundsson

1972: Árni Árnason, Gunnar Már Pétursson, Haraldur Gíslason

1975: Þórarinn Magnússon

1976: Birgir Ísleifur Gunnarsson

1977: Fríður Guðmundsdóttir

1979: Baldur Jónsson

1982: Sigurjón Hallbjörnsson

1983: Albert Guðmundsson

1984: Guðmundur Þórarinnsson, Sigurgeir Guðmannsson

1988: Davíð Oddsson

1990: Sveinn Björnsson

1991: Júlíus Hafstein

1994: Ellert B. Schram

1998: Ari Guðmundsson

1999: Sveinn Jónsson

2009: Reynir Ragnarsson

Gullmerki ÍBR hafa hlotið:

1989: Ellert B. Schram, Hannes Þ. Sigurðsson, Júlíus Hafstein, Sveinn Björnsson, Sveinn Jónsson

1994: Alfreð Þorsteinsson, Friðjón B. Friðjónsson, Grímur Valdimarsson, Gunnar Guðmannsson, Halldór B. Jónsson, Hallur Hallsson, Jóhannes Óli Garðarsson, Jón G. Zöega, Kristinn I. Jónsson, Lovísa Sigurðardóttir Ómar Einarsson, Sigurður Magnússon, Tryggvi Geirsson, Þórir Lárusson

1998: Eggert Steinsen, Hilmar Guðlaugsson, Svava Sigurjónsdóttir

1999: Ásgeir B. Guðlaugsson, Baldur Maríuson, Guðjón Guðmundsson, Kolbeinn Pálsson

2000: Jón Magnússon

2001: Steinþór Guðmundsson

2002: Haukur Tómasson, Ólafur Loftsson, Snorri Hjaltason

2003: Guðrún Stella Gunnarsdóttir, Sigurður Hall, Hörður Gunnarsson (Ármann)

2004: Sigfús Ægír Árnason, Karl Jóhannsson, Arnór Pétursson, Bjarni Friðriksson, Einar Ólafsson, Hólmsteinn Sigurðsson, Jensína Magnúsdóttir, Kristinn Dulaney, Magnús Jónasson, Ólafur Hreinsson, Pétur Bjarnason, Reynir Vignir, Sigurður Tómasson, Þorbergur Halldórsson, Þór Símon Ragnarsson, Þórður Jónsson

2005: Steinunn Valdís Óskarsdóttir, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Örn Andrésson

2006: Björn Jóhannesson

- 2007: Auður Björg Sigurjónsdóttir, Guðmundur Ólafsson, Þráinn Hafsteinsson, Ólafur Gylfason, Örn Hafsteinsson
- 2008: Sveinn Ragnarsson, Guðmundur B. Ólafsson, Kristinn Jörundsson, Ágúst Ingi Jónsson, Örn Ingólfsson, Pétur Stephensen, Snorri Þorvaldsson, Haraldur Haraldsson, Hrefna Sigurðardóttir, Stefán Jóhannsson
- 2009: Jóhannes Helgason, Örn Steinsen, Garðar Eyland, Gestur Jónsson, Jón Pétur Jónsson, Sölvi Óskarsson, Helgi Þorvaldsson, Magnús V. Pétursson
- 2010 Magnús S. Jónsson
- 2011 Brynjólfur Lárentsússon, Grímur Sæmundsson, Guðmundur Frímannsson, Hörður Gunnarsson, Jónas Sigurðsson, Róbert Jónsson, Ægir Ferdinandsson.

FJÖLDI OG ALDURSSKIPTING IÐKENDA INNAN HVERS FÉLAGS

| Félag | Alls iðkendur yngri en 18 ára | Alls iðkendur 18 ára og eldri | Alls |
|---|-------------------------------------|----------------------------------|--------------|
| Aikikai Reykjavík | 38 | 81 | 119 |
| Bandýmannafélagið Viktor | 0 | 7 | 7 |
| Bifreiðaiþróttaklúbbur Reykjavíkur | 3 | 54 | 57 |
| Borðtennisklúbburinn Örninn | 0 | 0 | 0 |
| Dansfélagið Ragnar | 287 | 86 | 373 |
| Dansfélag Reykjavíkur | 224 | 367 | 591 |
| Dansíróttafélagið Ýr | 0 | 0 | 0 |
| Fisfélag Reykjavíkur | 0 | 163 | 163 |
| Gílmufélagið Ármann | 1.449 | 457 | 1.906 |
| Golfklúbbur Brautarholts | 0 | 3 | 3 |
| Golfklúbbur Reykjavíkur | 268 | 2.832 | 3.100 |
| Hafna- og mjúkboltafélag Reykjavíkur | 128 | 62 | 190 |
| Háskóladansinn | 7 | 391 | 398 |
| Hestamannafélagið Fákur | 455 | 1.128 | 1.583 |
| Hjólreiðafélag Reykjavíkur | 2 | 267 | 269 |
| Hnefaleikafélagið Æsir | 11 | 26 | 37 |
| Hnefaleikafélag Reykjavíkur | 73 | 221 | 294 |
| Íróttafélag fatlaðra í Reykjavík | 109 | 215 | 324 |
| Íróttafélag heyrnalausra | 0 | 0 | 0 |
| Íróttafélagið Carl | 0 | 18 | 18 |
| Íróttafélagið Drekin | 88 | 149 | 237 |
| Íróttafélagið Fylkir | 1.323 | 270 | 1.593 |
| Íróttafélagið Leiftri | 0 | 8 | 8 |
| Íróttafélagið Leiknir | 158 | 22 | 180 |
| Íróttafélagið Léttir | 0 | 13 | 13 |
| Íróttafélagið Styrmir | 0 | 88 | 88 |
| Íróttafélagið Ösp | 41 | 122 | 163 |
| Íróttafélag kvenna | 0 | 17 | 17 |
| Íróttafélag Reykjavíkur | 2.100 | 831 | 2.931 |
| Íróttafélag stúdenta | 0 | 384 | 384 |
| Jiu jitsu félag Reykjavíkur | 53 | 255 | 308 |
| Júdófélag Reykjavíkur | 118 | 247 | 365 |
| Karatefélagið Þórshamar | 197 | 73 | 270 |
| Karatefélag Reykjavíkur | 63 | 38 | 101 |
| Kayakklúbburinn | 7 | 490 | 497 |
| Keilufélag Reykjavíkur | 6 | 66 | 72 |
| Kf. Breiðholt | 0 | 23 | 23 |
| Kkf. Þórir | 0 | 11 | 11 |
| Klifurfélag Reykjavíkur | 34 | 310 | 344 |
| Knattspyrnufélagið Afríkuliðið | 0 | 34 | 34 |
| Knattspyrnufélagið Árvakur | 0 | 0 | 0 |
| Knattspyrnufélagið Berserkir | 0 | 52 | 52 |
| Knattspyrnufélagið Elliði | 0 | 0 | 0 |
| Knattspyrnufélagið Fram | 2.126 | 172 | 2.298 |

| | | | |
|--------------------------------------|-------|-------|--------------|
| Knattspyrnufélagið Hómer | 0 | 17 | 17 |
| Knattspyrnufélagið Valur | 885 | 205 | 1.090 |
| Knattspyrnufélagið Víkingur | 865 | 946 | 1.811 |
| Knattspyrnufélagið Þróttur | 584 | 323 | 907 |
| Knattspyrnufélag Reykjavíkur | 1.445 | 197 | 1.642 |
| Knattspyrnufélag Vesturbæjar | 0 | 72 | 72 |
| Kylfan Krikketklúbbur Reykjavíkur | 0 | 0 | 0 |
| Lyftingafélag Reykjavíkur | 77 | 119 | 196 |
| Markaregn | 0 | 0 | 0 |
| Rathlaupsfélagið Hekla | 0 | 34 | 34 |
| Róðrafélagið Stafninn | 0 | 0 | 0 |
| Rugbyfélag Reykjavíkur | 2 | 43 | 45 |
| Siglingafélag Reykjavíkur - Brokey | 20 | 117 | 137 |
| Skautafélagið Björninn | 367 | 87 | 454 |
| Skautafélag Reykjavíkur | 394 | 82 | 476 |
| Skíðagöngufélagið Ullur | 4 | 31 | 35 |
| Skotfélag Reykjavíkur | 8 | 1.265 | 1.273 |
| Skvassfélag Reykjavíkur | 29 | 795 | 824 |
| Skyldingafélag Reykjavíkur | 395 | 653 | 1.048 |
| Sundfélagið Ægir | 155 | 84 | 239 |
| Sundknattleiksfélag Reykjavíkur | 0 | 14 | 14 |
| Svifflugfélag Íslands - Reykjavík | 0 | 57 | 57 |
| Tennis og badmintonfélag Reykjavíkur | 1.504 | 2.097 | 3.601 |
| TTK Akstursíþróttafélag | 0 | 46 | 46 |
| Ungmennafélagið Fjölur | 1.996 | 224 | 2.220 |
| Ungmennafélagið R36 | 0 | 31 | 31 |
| Ungmennafélag Kjalnesinga | 146 | 1 | 147 |
| Ungtemplarafélagið Hrönn | 1 | 28 | 29 |
| Vélhjólaiþróttaklúbburinn | 62 | 963 | 1.025 |
| Vængir Júpiters | 0 | 15 | 15 |